

Tilgangur og gildissvið

Jafnlaunastjórnunarkerfi nær til alls starfsfólks. Starfsmaður er sá sem hefur gildandi ráðningarsamband við Landspítala. Kerfið nær ekki til verktaka.

Jafnlaunastefna

Starfsfólk Landspítala skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Laun skulu ákvörðuð í samræmi við kröfur sem störf gera óháð kyni og skulu forsendur launaákvæðana vera í samræmi við kjara- og stofnanasamninga. Markmið Landspítala er að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

Jafnlaunastefna felur í sér eftirfarandi skuldbindingar:

- Starfandi er jafnlaunahópur sem hefur það verkefni að innleiða, skjalfesta og viðhalda með stöðugum, umbótum jafnlaunastjórnunarkerfi spítalans sem byggir á staðlinum ÍST-85:2012, þ.m.t. eftirfylgni með viðeigandi aðgerðum og viðbrögð við athugasemdum og frávikum, auk þess að vinna að forvörnum.
- Flokka skal störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma hið minnsta árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Kynna skal starfsfólki niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Fylgja skal lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem eiga við um jafnlaunastjórnunarkerfið. Lögfræðileg ráðgjöf skal vera aðgengileg stjórnendum Landspítala til að tryggja að þessum kröfum sé mætt. Staðfesta skal árlega hlítu við þær lagalegu kröfur og aðrar kröfur sem eiga við um kerfið.
- Framkvæma skal innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Framkvæma skal rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Jafnlaunamál eru hluti af heildarstefnu Landspítala og jafnlaunastefna er kynnt fyrir starfsfólki og gerð aðgengileg almenningi.

Framkvæmdastjóri rekstrar- og mannauðssviðs ber ábyrgð á að stefnu þessari sé fylgt eftir og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir sem varða kerfið.

Tilvísanir

ÍST 85:2012 – 4.1 Almennar kröfur
ÍST 85:2012 – 4.2 Jafnlaunastefna
ÍST 85:2012 – 4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur
ÍST 85:2012 – 4.3.3 Markmið og áætlanir
ÍST 85:2012 – 4.4.4 Skjalfesting
ÍST 85:2012 – 4.5.3 Frábrigði, úrbætur og forvarnir
ÍST 85:2012 – 4.5.5 Innri úttekt
ÍST 85:2012 – 4.6 Rýni stjórnenda
STE-001 Skilgreining ábyrgðar vegna jafnlaunastjórnunarkerfis
VER-002 Innri úttekt
VER-003 Rýni stjórnenda
VER-004 Vöktun og mæling
VER-005 Frábrigði, úrbætur og forvarnir
VER-006 Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa
VER-007 Launasetning og endurskoðun launa
VER-008 Samskipti og upplýsingamiðlun
VER-010 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

Ritstjórn

Atli Atlason
Fríða Björg Leifsdóttir
Ólafur Jóhann Ólafsson
Sóley Snædís Stefánsdóttir

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir

Útg. 3.0

- Starfsheitum og sviðsheitum breytt í samræmi við skipulagsbreytingar á Landspítala 1.1.2023.